

VILT ÞÚ GERAST LISTVINUR?

Með því að vera félagi í Listvinafélagi Hallgrímskirkju styður þú hið metnaðarfulla og vandaða listastarf, sem löngu hefur vakið athygli innanlands sem utan og skapar grundvöll fyrir áframhaldandi blómlegt starf félagsins.

Allir listunendur geta orðið félagar – hvar á landinu sem þeir búa.

Vinsamlegast sendu tölvupóst á list@hallgrímskirkja.is með nafni, heimilisfangi, kennitölu og netfangi eða fylltu út eyðublað sem liggur frammi í Hallgrímskirkju.

Árgjald kr. 7000.

Afsláttarverð 5000 kr. (eldri borgarar og nemendur yngri en 26 ára).

Árgjald hjóna: 6000 kr. á mann.

Listvinir fá 50% afslátt á tónleika Listvinafélagsins og frítt inn á orgeltónleika Alþjóðlegs orgelsumars.

Félagsskirteini Listvinafélagsins veitir afslátt hjá eftirtöldum fyrirtækjum:

12 TÓNAR 15%, Blómagallerí Hagamei 10%, Blómaval 10%, Hygea 10%, Kirkjuhúsið 10%, Hraði fatahreinsun 20%, Efnalaugin Björg 20%, Efnalaugin Kjöll og hvítt 20%, Mál og menning 10%, UPPLIFUN, Hörpu, bækur og blóm 15%.

STJÓRN LISTVINAFÉLAGS HALLGRÍMSKIRKJU Á 33. STARFSÁRI SKIPA:

- Sigurður Sævarsson tónskáld, formaður
- Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur, ritari
- Hafsteinn Már Einarsson viðskiptafræðingur
- Ævar Kjartansson cand. theol. útvarpsmaður
- Þóra Sigurðardóttir myndlistarkona
- Jóhannes Pálmason lögfræðingur, formaður sóknamefndar Hallgrímskirkju

Varamenn:

- Benedikt Ingólfsson söngvari
- Þórhallur Vilhjálmsson markaðsfræðingur

Auk þess sitja fundi stjórnar Listvinafélagsins:

- Inga Rós Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri
- Björn Steinar Sólbergsson organisti
- Sr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur
- Sr. Birgir Ásgeirsson prestur (til 1.4. 2015)
- Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prestur (frá 1.4. 2015)
- Jónanna Björnsdóttir framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju

Framkvæmdastjóri er Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari

s. 696 2849, ingaros@hallgrímskirkja.is

Listrænn stjórnandi er Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju, hask@hallgrímskirkja.is

Pakkir fá:

Hallgrímskirkja-söknamefnd og starfsfólk
Mótettukór Hallgrímskirkju
Schola cantorum
ENNEMM
Gunnar Eggertsson ehf- Kristján Gunnarsson
Hagprent-Litróf
Erlingur Þórsson
Pixel
Sinfóníuhljómveit Íslands
Tónafið
Biskupsstofa
Blómagallerí
Blómaval
Efnalaugin Björg

Efnalaugin Kjöll og hvítt
Hótel Holt
Hannesarholt
Hraði efnalaug
Hygea
12 TÓNAR
Kirkjuhúsið
Kirkjumálasjóður
Lýsi ehf.
Mál og Menning
Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar
Skutla.com
Tónlistarsjóður
Upplifun, bækur og blóm

Áskell Harðarson tónleikastjóri AO, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson grafískur hönnuður, Gunnar Freyr Steinsson ljósmyndari, Kristín Bogadóttir ljósmyndari, Erla Elín Hansdóttir, Arnar Már Jóhannesson, Kjartan Oddur Jónsson, Ragnheiður Elísabet Kristinsdóttir, Gunnhildur Halla Carr.

Alexandra Kjeld, Atli Freyr Steinþórsson, Björg Jónsdóttir, Björn Thoroddsen, Friða Sigríður Jóhannsdóttir, Guðrún Hrunn Harðardóttir, Hafliði Hallgrímsson, Hafsteinn Már Einarsson, Halldór Hauksson, Helgi Steinar Helgason, Hjalti Þórsson, Karl Kristensen, Kristján Guðmundsson, Lenka Matéová, Oktavía Ágústsdóttir, Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir, Sara Elísabet Svansdóttir, Sesselja Jónsdóttir, Sigurður Sævarsson, Snorri Sigurðsson, Sverrir Jónsson, Thelma Hrönn Sigurðsdóttir, Tuomo Suni, Þóra Sigurðardóttir, Þórunn Sigurðardóttir, Ævar Kjartansson o.fl. fyrir sjálfböðavinnu fyrir Listvinafélagið.

Listamenn, listvinir og allir þeir sem sækja viðburði og styðja hið blómlega starf Listvinafélagsins.

Umsjón dagskrár: Inga Rós Ingólfssdóttir og Hörður Áskelsson - listvinafelag.is - list@hallgrímskirkja.is



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

DAGSKRÁ

33. STARFSÁR



JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 2014

30. NÓVEMBER-31. DESEMBER

30. NÓVEMBER FYRSTI SUNNUDAGUR Í AÐVENTU

11.00 HÁTÍÐARMESSA

Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir, prédikar. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, sr. Birgir Ásgeirsson og sr. Sigurður Árni Þórðarson þjóna fyrir altari. Schola cantorum og strengjasveit flytja kantötuna Nú kemur heimsins hjálparráð BWV 61 eftir J.S. Bach. Einsöngvarar eru Thelma Hrönn Sigurðsdóttir sópran, Bragi Bergþórsson tenór og Fjölur Ólafsson bassi. Stjórnandi Hörður Áskelsson. Organisti Björn Steinar Sólbergsson. Í lok athafnarinnar verður sr. Sigurður Árni Þórðarson settur í embætti sóknarprests Hallgrímskirkju. Hátíðarmessan markar upphaf jólasöfnunar fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

17.00 NÚ KEMUR HEIMSINS HJÁLPARRÁÐ - ORGELTÓNLEIKAR

Björn Steinar Sólbergsson flytur adventu- og jólatónlist, m.a. sálforleiki eftir Johann Sebastian Bach, César Franck, Max Reger og Andrew Carter. Falleg stund með Klais orgelinu á fyrsta sunnudegi í adventu. Aðgangseyrir: 2.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur



3. DESEMBER MIÐVIKUDAGUR

12.00-12.30 KOM ÞÚ, KOM VOR IMMANÚEL - AÐVENTUTÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM

Á fyrri hádegistónleikum sínum á adventunni býður Schola cantorum upp á fagra kórtónlist tengda adventu og jólam. Upplagt tækifæri til að koma í Hallgrímskirkju í hádeginu og eiga stutta hátíðlega stund í aðdraganda jóla. Stjórnandi Hörður Áskelsson. Aðgangseyrir: 2.000 kr. / listvinir: 50% afsláttur

Aðgangseyrir: 3.500 / 2.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur

6. DESEMBER LAUGARDAGUR

17.00 SJÁ, HIMINS OPNAST HLIÐ. JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU

7. DESEMBER SUNNUDAGUR

17.00 SJÁ, HIMINS OPNAST HLIÐ. JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU

9. DESEMBER ÞRIÐJUDAGUR

20.00 SJÁ, HIMINS OPNAST HLIÐ. JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur í rúm þrjátíu ár glatt Íslendinga á jólam, og skipa jólatónleikar kórsins veglegan sess í ríkulegu tónleikahaldi í Reykjavík. Í september síðastliðnum vann kórinn til þriggja gullverðlauna í alþjóðlegu kórakeppninni Cançó Mediterrània á Spáni ásamt því að hljóta Grand Prix-verðlaun sem besti kór keppinnar.

Í ár heldur kórinn þrenna tónleika á adventunni þar sem hinn hreini kórsöngur skreyttur orgelleik verður í sviðsljósinu. Félagar í Mótettukórnum munu láta ljós sitt skína í ýmsum hlutverkum á tónleikunum. Lenka Matéová, organisti og kórfélagi, mun til að mynda leika á hið mikla Klais orgel Hallgrímskirkju. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Á efnisskránni er hátíðleg adventu- og jólatónlist þar sem ofnir eru saman þýskir barokksálmur eftir Praetorius, Schein, Händel og Eccard, og sjaldheyrðir enskir jólasöngvar frá 20. öld eftir m.a. Gustav Holst, Andrew Carter og Harold Darce. Auk þess verður fluttur fjöldinn allur af þekktum jólasálmum og nýlegri verkum, m.a. eftir tónskáldið og lækninn Sigvalda Kaldalóns og bandarísku tónskáldinn Eric Whitacre og Morten Lauridsen. Í vændum er hátíðleg stund á adventunni í fallega skreyttri kirkjunni.

Aðgangseyrir: 3.500 / 2.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur



SJÁ, HIMINS OPNAST HLIÐ

JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU



12. DESEMBER FÖSTUDAGUR

20.00 JÓLAORGELTÓNLEIKAR MEÐ HEIMSORGANISTA - KLAIS ORGELIÐ 22 ÁRA!

Þýska orgelstjarnan Christian Schmitt, sem nýverið hlaut ein æðstu verðlaun tónlistarmanna í Þýskalandi „Echo“, flytur orgelverk eftir J.S. Bach, Felix Mendelssohn, úr La Nativité eftir Messiaen o.fl. Christian Schmitt er einn eftirsóttasti konsertorganisti ungu kynslóðarinnar og hefur haldið tónleika víða um heim. Hann heldur nú sína þriðju tónleika á Klais orgel Hallgrímskirkju.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Þýska sendiráðsins í Reykjavík og Listvinafélags Hallgrímskirkju. Ókeypis aðgangur.

17. DESEMBER MIÐVIKUDAGUR

12.00-12.30 HÁTÍÐ FER AÐ HÖNDUM EIN - HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM

Schola cantorum býður hér upp á síðari hádegistónleika sína á adventunni með áherslu á fagra jólatónlist. Upplagt tækifæri til að koma við í Hallgrímskirkju í hádeginu og eiga stutta hátíðlega stund fyrir jólin.

Stjórnandi og orgelleikari: Hörður Áskelsson. Aðgangseyrir: 2.000 kr. / listvinir: 50% afsláttur

28. DESEMBER SUNNUDAGUR!

17.00 JÓLATÓNLEIKAR SCHOLA CANTORUM

Kammerkórinn Schola cantorum flytur hrifandi jólatónlist með og án undirleiks, m.a. ný gullfalleg jólalög eftir Hafliða Hallgrímsson, Ó, hljóða nótt eftir Adams o.fl. Einsöngvarar: Thelma Hrönn Sigurðsdóttir, Fjölur Ólafsson o.fl. Organisti: Björn Steinar Sólbergsson. Stjórnandi: Hörður Áskelsson. Aðgangseyrir: 3.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur



31. DESEMBER GAMLÁRSDAGUR

17.00 HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT HÁTÍÐARTÓNLIST FYRIR ÞRÍJA TROMPETA, ORGEL OG ÞÁKUR

Trompetleikarnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Hörður Áskelsson orgelleikari og Eggert Pálsson pákuleikari flytja glæsileg hátíðarverk m.a. eftir Vivaldi, Purcell, Bach og Albinoni. Áramótastemningin byrjar með hátíðarhljómunum þeirra féлага, enda njóta þessir tónleikar gríðarlega mikilla vinsælda. Þeir hafa leikið fyrir fullu húsi á gamlárskvöld allt frá vigslu Klais orgelsins 1992! Aðgangseyrir: 3.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur



DAGSKRÁ 2015

24. OKTÓBER 2014 - 11. JANÚAR 2015

„360 DAGAR Í GRASGARÐINUM“

Sigtryggur Bjarni Baldursson sýnir ljósmyndir í fjögurra alda minningu Hallgríms Péturssonar.

18. JANÚAR SUNNUDAGUR

OPNUN MYNDLISTARSÝNINGAR Í LOK MESSU

Myndlistarmaðurinn Sigurður Guðjónsson sýnir vídeóverk í forkirkju Hallgrímskirkju.

28. FEBRÚAR LAUGARDAGUR

14.00 LISTAHÁSKÓLINN Í HALLGRÍMSKIRKJU I

Nemendur í kirkjutónlistar- og söngdeildum flytja fjölbreytta tónlist.

Á þessum tónleikum koma fram orgel- og söngnemendur Listaháskóla Íslands.

„Listvinafélag Hallgrímskirkju og tónlistardeild Listaháskóla Íslands hafa gert með sér samkomulag um að tónlistardeildin skipuleggi tvö tónleika á vorönn 2015. Markmiðið með þessu samstarfi er að kynna nemendum skólans fyrir töfrum Klais orgelsins og rými kirkjunnar til tónlistarflutnings og á sama tíma gefa listvinum kirkjunnar tækifæri til að heyra hvað hæfileikarikir nemendur tónlistardeildar hafa fram að færa.“ Ókeypis aðgangur.



22. MARS SUNNUDAGUR BOÐUNARDAGUR MARÍU

OPNUN MYNDLISTARSÝNINGAR Í LOK MESSU

Guðbjörg Ringsted myndlistarmaður sýnir blómamyndir.

17.00 “MAGNIFICAT” MEÐ SCHOLA CANTORUM

Fluttir verða Lofsöngvar til Maríu eftir gamla meistara.

Flytjendur: Kammerkórinn Schola cantorum, stjórnandi Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 3.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur

2. APRÍL SKÍRDAGUR

17.00 SÖNGVAHÁTÍÐ BARNANNA

100 barna kór og hljómsveit flytja nýja kirkjusöngva með sveiflu.

Mikil stemning og sveifla ríkir á þessum tónleikum og fyllist kirkjan ávallt af glöðum tónleikagestum á öllum aldri. Í samstarfi við Margrétu Bóasdóttur, verkefnastjóra kirkjutónlistar á Biskupsstofu. Stjórnandi Tómas Guðni Eggertsson organisti Seljakirkju. Ókeypis aðgangur.



3. APRÍL FÖSTUDAGURINN LANGI

11.00-16.00 PASSÍUSÁLMALESTUR Í HALLGRÍMSKIRKJU (ATHUGIÐ BREYTTA TÍMA-SETNINGU)

Á föstudaginn langa verður upplestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar í kirkjunni.

Í tilefni af afmælisári kosningaréttar kvenna munu 10 valinkunnar konur lesa Passíusálmana á föstudaginn langa 2015. Þær eru Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Brynja Þorgeirsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Prastardóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þorgerður E. Sigurðardóttir. Umsjónarmenn eru Þórunn Sigurðardóttir og Ævar Kjartansson. Ókeypis aðgangur.



17.00 PASSÍA EFTIR HAFLIÐA HALLGRÍMSSON

Híð stórbrotna tónverk, sem Hafliði Hallgrímsson samdi að beiðni Listvinafélags Hallgrímskirkju í tilefni af Kristnitökuafmælinu árið 2000, er nú flutt í þriðja sinn í Hallgrímskirkju, en síðast var það flutt árið 2002. Útgáfufyrirtækið ONDINE í Finnlandi gaf verkið út á geisladiski og hlutu verkið og flytjendur afburða dóma í erlendum tónlistarímaritum.

Flytjendur: Elmar Gilbertsson tenór, Hanna Dóra Sturludóttir sópran, Mótettukór Hallgrímskirkju, Kammerhljómsveit Hallgrímskirkju.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 4.900 kr. / listvinir: 50% afsláttur



25. APRÍL LAUGARDAGUR

14.00 LISTAHÁSKÓLINN Í HALLGRÍMSKIRKJU II

Nemendur í kirkjutónlistar- og söngdeildum flytja fjölbreytta tónlist, m.a. ný verk nemenda tónsmíðadeildar, sem hugsanlega eru samin með midibúnað Klais orgelsins í huga.

„Listvinafélag Hallgrímskirkju og tónlistardeild Listaháskóla Íslands hafa gert með sér samkomulag um að tónlistardeildin skipuleggi tvö tónleika á vorönn 2015. Markmiðið með þessu samstarfi er að kynna nemendum skólans fyrir töfrum Klais orgelsins og rými kirkjunnar til tónlistarflutnings og á sama tíma gefa listvinum kirkjunnar tækifæri til að heyra hvað hæfileikarikir nemendur tónlistardeildar hafa fram að færa.“ Ókeypis aðgangur.

24. MAÍ HVÍTASUNNUDAGUR

11.00 HÁTÍÐARMESSA MEÐ TÓNLISTARFLUTNINGI

Mótettukór Hallgrímskirkju flytur hátíðartónlist undir stjórn Harðar Áskelssonar.



12.15 OPNUN MYNDLISTARSÝNINGAR Í FORKIRKJU OG Á HALLGRÍMSTORGI

Rósa Gísladóttir myndlistarmaður sýnir verk sín tengd kirkju og klaustrum á Íslandi og í Armeníu.

25. MAÍ ANNAR Í HVÍTASUNNU

VORTÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU Á HVÍTASUNNU

Flutt verða fjölbreytt verk eftir ýmis íslensk og erlend tónskáld.

Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 3.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur



ALPJÓÐLEGT ORGELSUMAR

13. júní til 9. ágúst

26 ORGELTÓNLEIKAR YFIR SUMARIÐ
Hinir vinsælu sumartónleikar, sem nú eru haldnir 23. sumarið í röð, eru alla sunnudaga kl. 17.00 (60 mínútur) og alla fimmtudaga og laugardaga kl. 12.00 (30 mínútur).

Á Alpjóðlegu orgelsumri koma fram konsertorganistar í fremstu röð frá ýmsum löndum m.a. Hollandi, Noregi, Þýskalandi, Frakklandi og sigurvegarinn í Alpjóðlegu orgelkeppninni í Chartre í Frakklandi 2014. Hádegistónleikar Schola cantorum eru alla miðvikudaga kl. 12.00. Sérprentuð Dagskrá Alpjóðlegs orgelsumars verður birt vorið 2015.



KIRKJULISTAHÁTÍÐ 2015

14. - 23. ágúst

KIRKJUTÓNLISTARVEISLA Í 10 DAGA!



LOFUM GUÐ MEÐ LÚÐRUM, HÖRPUM, MÁLMGJÖLLUM OG ORGELHLJÓMI
Kirkjulistahátíð hefur verið haldin í Hallgrímskirkju að jafnaði annað hvert ár frá árinu 1987, þegar kirkjan var nývígð. Kirkjulistahátíð hefur verið einstakur vettvangur fyrir kirkjulist, nýsköpun, óratóriu, erlenda gesti, list unga fólksins, umræðu og margt fleira.

Nú stefnir Listvinafélagið að 14. Kirkjulistahátíðinni seinni hluta ágústmánaðar. Þá verður blásið í lúðra og pípur, sungið og leikið á strengi og borin fram myndlist og matarlist. Meðal helstu viðburða á Kirkjulistahátíð 2015 er flutningur á Óratórinu Solomon eftir G. F. Händel með Alpjóðlegu barokksveitinni frá Den Haag, Mótettukór Hallgrímskirkju og einsöngvurunum Benedikt Kristjánssyni tenór, Oddi Arnþóri Jónssyni bassa og Þóru Einarsdóttur sópran, tvöfaldir orgeltónleikar með Olivier Latry organista Notre Dame í París og eiginkonu hans Shin-Young, tónleikar með Nordic affect tónlistarhópnum og lokatónleikar með Schola cantorum.

Að venju verður Sálmafoss á Menningarnótt 2015 með nýsköpun og fjölda flytjenda. Helgi Þorgils Friðjónsson er myndlistarmaður Kirkjulistahátíðar, hann sýnir trúarlega myndlist, sem tengir saman gamalt og nýtt. Sérprentuð dagskrá Kirkjulistahátíðar 2015 verður birt síðar.



14. ÁGÚST

OPNUN MYNDLISTARSÝNINGAR VIÐ UPPHAF KIRKJULISTAHÁTÍÐAR

Helgi Þorgils Friðjónsson,

myndlistarmaður

Kirkjulistahátíðar 2015, sýnir

m.a. krossfestingaraltaristöflu á Kirkjulistahátíð 2015. Sýningin stendur áfram eftir að hátíðinni lýkur.



1. NÓVEMBER SUNNUDAGUR ALLRA HEILAGRA MESSA

11.00 MESSA MEÐ TÓNLISTARFLUTNINGI.

Schola cantorum syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.

17.00 LUX AETERNA - TÓNLEIKAR SCHOLA CANTORUM

Flutt verður tónlist tengd minningardegi látinna. Kórnum hefur verið boðið að taka þátt í stóri tónlistarhátíð í Basel í Sviss síðar í mánuðinum þar sem efnisskrá tónleikanna í Hallgrímskirkju verður mögulega endurflutt.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

Aðgangseyrir: 3.500 kr. / listvinir: 50% afsláttur

KYRRÐARSTUND Í HÁDEGI Á FIMMTUDÖGUM – ORGELLEIKUR OG ÍHUGUN

Hallgrímskirkja býður upp á kyrrðarstund klukkan 12.00-12.30 alla fimmtudaga yfir vetrartímann. Stundin hefst með því að orgelleikar kirkjunnar leika á Klais orgelið í 15 mínútur. Þá flytja prestar kirkjunnar stutta hugveku en stundinni lýkur með 5 mínútna orgelleik.

DAGSKRÁIN ER BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR